

## 76. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd miðvikudaginn 14. desember 2005, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Helgi Haraldsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

- 1) Ragnar Logi Magnason, Ægisgötu 2 óskar eftir að kannaðir verði möguleikar á hraðahindrun við Ægisgötu, sbr. bréf dags. 19. nóvember 2005.  
*Byggingarfulltrúa falið að kanna aðstæður.*
- 2) Deiliskipulagstillaga að verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu.  
*Samþykkt að ganga frá deiliskipulagi samkvæmt tillögu dags. 14.12.05.*  
Þorgrímur Kristinsson sat hjá undir lið 2.
- 3) Deiliskipulagstillaga að athafnasvæði við Birgisborg.  
*Samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillöguna.*
- 4) Lagðar fram tillögur á breytingu á golfvelli Golfklúbbsins Mostra.  
*Tillögunni vísað í deiliskipulagsvinnu Víkurhverfis.*
- 5) Björn Th. Árnason sækir um leyfi fyrir hönd Sjávarpakkhússins ehf. að breyta húsnæðinu Hafnargötu 2A úr atvinnuhúsnæði (veitingahúsnæði), í íbúðarhúsnæði og tvö bílastæði sunnan við húsið samkvæmt teikningu Ólafs Ó. Axelssonar arkitekts FAÍ, dags apríl 2003.  
*Samþykkt að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með fyrirvara um að teikningar uppfylli kröfur byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði. Bílastæði eru ekki samþykkt samkvæmt tillögu þar sem þau eru fyrir utan lóð hússins.*
- 6) Páll Ásgeirsson sækir um svæði undir lóð við Bókhlöðustíg (fyrir neðan Bókhlöðustíg 15). Erindi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.  
*Nefndin leggst gegn því að umræddur reitur verði samþykktur undir íbúðarhús.*
- 7) Fyrirspurn frá Sumarbústöðum ehf / Þórarni Sighvatssyni um að byggja tvö parhús við Neskin 3 og 5 samkvæmt tillöguteikningum frá verkfræðistofu EK, des. 2005 .  
*Tekið er jákvætt í erindið.*

- 8) Lagðar fram deiliskipulagstillögur að íbúðarhúsum við Tjarnarhólma (tillögur T1 og T2).  
*Samþykkt að vinna áfram með tillögu T1 ásamt að ný lóð verði við Tjarnarás.*
- 9) Guðný Pálsdóttir og Gunnar Jónsson óska eftir lóðarstækkun að Bókhlöðustíg 15, sbr. bréf dags. 13.12. 2005.  
*Erindi frestað.*
- 10) Pálmi Ólafsson óskar eftir lóð á svæðinu við húsið Borg að Skúlagötu 21.  
*Lagt er til að svæðið sem afmarkast af Skúlagötu 15, Maðkavíkinni, að Borgarbraut verði deiliskipulagt og að lóðum verði ekki úthlutað fyrr en að því loknu.*
- 11) Önnur mál.

11.A *Guðmundur Kristinsson bendir á að tryggja þarf að ekki sé hægt að sækja um lóðir nema að þær séu tilbúnar til úthlutunar.*

Fleira var ekki rætt.  
Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 20:15.

Gretar D. Pálsson (sign)  
Guðmundur Kristinsson (sign)  
Þorgrímur Kristinsson (sign)  
Helgi Haraldsson (sign)  
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

BV

